

**Greinargerð um 96. fund siglingaöryggisnefndar MSC
sem haldinn var í höfuðstöðvum IMO í London dagana 11. - 20. maí 2016**

Fundinn sóttu fulltrúar frá allflestum aðildarríkjum IMO auk fjölmargra fulltrúa frjálsra félagasamtaka og hagsmunaaðila í siglingum og sjóflutningum á heimsvísu. Formaður nefndarinnar var Brad Groves (Ástralíu). Sverrir Konráðsson Samgöngustofu sat fundinn síðari vikuna fyrir Íslands hönd, þ.e. dagana 16. – 20. maí.

Pólkóði fyrir skip sem falla ekki undir SOLAS

Ísland hefur verið með í umræðu á vettvangi IMO um hvort farið yrði í að innleiða 2. fasa Polar Code (e. second phase), en hann tæki til skipa sem falla ekki undir SOLAS-samþykktina, þ.e. fiskiskipa og annarra skipa en SOLAS-skipa og starfrækt eru innan Polar Code svæða jarðar á norður- og suðurhveli.

Samgöngustofa sendi inn skjal af hálfu Íslands sem tekið var fyrir á fundinum. Það er innlegg í ofangreinda umræðu, en í því eru tilgreind atvik þar sem íslenskir leitar- og björgunaraðilar hafa komið við sögu (Landhelgisgæslan).

Nýja-Sjáland lagði einnig fram skjal fyrir fundinn þar sem tilgreind eru atvik í suðurhöfum. Það gerðu einnig umhverfisumhverfissamtökin Friends of the Earth (FOEI), World Wide Fund (WWF) og Pacific Environment um sama málefni. Á síðasta fundi MSC í júní 2015 var samþykkt að kalla eftir upplýsingum um atvik sem hafa átt sér stað á hafsvæðum heimskautanna innan marka Polar Code. Upplýsingarnar verða notaðar til að greina og meta þörfina á að fara í 2. fasann.

Við umfjöllun nefndarinnar um ofangreint mál komu fram eftirfarandi sjónarmið:

1. Þróun og gildistaka pólkóða fyrir skip sem falla ekki undir SOLAS (2. fasi), sem tæki til fiskiskipa, ætti að hefjast án tafar í því skyni að auka öryggi slíkra skipa sem starfrækt eru á heimskautasvæðum.
2. Pólkóðin á ekki að gilda um fiskiskip fyrir en eftir að Cape Town samkomulagið öðlast gildi.
3. Pólkóðinn á ekki að gilda um skemmtiför (e. pleasure craft).
4. Flestar sendinefndir voru á því að áður en farið yrði í að þróa 2. fasa yrði að afla frekari upplýsinga um atvik, einkum hvað varðar skip sem falla ekki undir SOLAS. Aðrir sögðu að þær upplýsingar sem þegar hefðu verið lagðar fram gæfu nægilega mynd af málinu til að hefja vinnu við 2. fasa.

Niðurstaðan af þessum umræðum var að nefndin lýsti ánægju með þær upplýsingar sem hefðu verið lagðar fram til stuðnings því að farið yrði í næsta fasa pólkóðans og bauð aðildarríkjum og alþjóðasamtökum að leggja fram frekari upplýsingar á MSC 97 í nóvember nk. til að gefa gleggri mynd af málinu.

Staðfest að smíðareglur séu í samræmi við markmiðsviðmiðanir

Siglingaöryggisnefnd staðfesti að smíðareglur fyrir olúflutningaskip og búlkaskipa sem lagðar voru fram af hálfu 12 flokkunarfélaga séu í samræmi við markmið og hagnýtar kröfur sem stofnunin hefur sett um ný olúflutningaskip og búlkaskip sem kveðið er á um í alþjóðlegum markmiðsmiðuðum smíðareglum fyrir búlkaskip og olúflutningaskip sem voru samþykktar árið 2010. (Sjá fréttatilkynningu [13/2016](#))

Öryggi björgunarfara: SOLAS-breytingar samþykktar

Siglingaöryggisnefnd samþykkti breytingar á SOLAS-reglum II/3 og III/20 sem gera gera skylt að hlíta kröfum um viðhald, ítarlega skoðun, rekstrarprófun, yfirferð og viðgerðir á björgunarbatum og léttbatum, sjósetningarbúnaði og sleppibúnaði sem voru einnig samþykktar á fundinum.

Þessi pakki af ákvæðum, sem öðlast gildi 1. janúar 2020, miðar að því að koma í veg fyrir slys í tengslum við björgunarför og tekur á aðkallandi vanda sem kallar á samræmda, örugga og skjalfesta staðla um þjónustu við þessi tæki, auk krafna um leyfisveitingu, hæfnisskilyrði og vottun til að tryggja áreiðanlega þjónustu.

Samþykkt þessara breytinga og krafna um viðhald, ítarlega skoðun, rekstrarprófun, yfirferð og viðgerðir eru afrakstur tíu ár vinnu. Markmiðið með þessum lögbundnu IMO-kröfum er að veita sjómönnum fullvissu um að slíkur björgunarbúnað sé öruggur og áreiðanlegur.

Samþykkt annarra breytingar

Siglingaöryggisnefnd samþykkti einnig eftirfarandi breytingar þar sem gildistökudagur er 1. janúar 2020:

- Breytingar á SOLAS-reglu II-2/13 að framlengja kröfur um rýmisgreining (e. evacuation anaylis) um borð í öllum farþegaskipum, ekki bara ekjufarþegaskipum. Tengdar endurskoðaðar leiðbeiningar um rýmisgreiningu um borð í nýjum og gömlum farþegaskipum voru samþykktar.
- Breyting 38-16 á alþjóðakóða um siglingu með hættulegan farm (IMDG) (e. International Maritime Dangerous Goods (IMDG) Code), svo hann endurspegli nýjustu breytingar á tilmælum Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi.
- Breytingar á 8. kafla alþjóðlegs kóða um brunaöryggiskerfi (e. International Code for Fire Safety Systems (FSS Code)) um varnir gegn því að ýristútar tærast og stíflist og nýr 17. kafli í FSS-kóðanum sem inniheldur lögboðnar kröfur um froðuslökkvitæki fyrir þyluskýli. Samþykkt var að senda út MSC-dreifibréf um skjóta framkvæmd nýs 17. kafla FSS-kóðans.
- Breytingar á kóðans um smíði og búnað færanlegra borþalla á sjó, 2009 (e. Code for the Construction and Equipment of Mobile Offshore Drilling Units, 2009 (2009 MODU Code)), í því skyni að samræma hann nýjum ákvæðum 17. kafla FSS-kóðans;

Tilmæli að því er varðar sannprófun brúttómassa pakkaðra gáma sem lestaðir eru fyrir 1. júlí 2016 og umskipað er þann 1. júlí 2016 eða síðar samþykkt

Hinn 1. júlí 2016 öðluðust gildi nýjar kröfur SOLAS-samþykktarinnar sem kveða á um að sannprófa þurfi brúttópunga pakkaðra gáma. Mjög mikilvægt er að þekkja nákvæman brúttópunga pakkaðra gáma til að tryggja rétta lestun, stöðugleika, stöflun og frágang með það í huga að koma í veg fyrir stöðugleikavandamál, að gámastæður hrynji eða gámar fari fyrir borð. Þetta er mikilvæg öryggisráðstöfun sem miðar að því að bjarga mannlífum, koma í veg fyrir meiðsl og tap á verðmætum.

Samþykkt var að gefa út MSC-dreifibréf sem felur í sér tilmæli til stjórnvalda, stjórnvalda hafnarríkiseftirlits, félaga, gámahafna og skipstjóra um SOLAS-kröfurnar um sannprófun á brúttómassa pakkaðra gáma í kjölfar umræðna um yfirvofandi gildistöku krafna í SOLAS-reglum VI/2.4 til VI/2/6 á sannprófun á brúttómassa pakkaðra gáma þann 1. júlí 2016. (Sjá fréttatilkynningu [14/2016](#))

Hægt er að nálgast dreifibréfið MSC.1/Circ.1548 [hér](#).

[Hér](#) eru upplýsingar á vef Samgöngustofu um málið.

Netöryggi - bráðabirgðaleiðbeiningar samþykktar

Nefndin samþykkti bráðabirgðaleiðbeiningar um áhættustýringu tengdri netöryggi (e. cyber security) í siglingum sem miða að því að gera hagsmunaaðilum kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að verja hafskip fyrir núverandi og vaxandi ógn og veikleika sem tengist stafvæðingu (e. digitization), samþættingu og sjálfvirkni ferla og kerfa í skipum.

Bráðabirgðaleiðbeiningarnar eru tilmæli um áhættustýringu tengdri netöryggi í siglingum og ráðstafanir gegn ógn sem beinist að tæknibúnaði við hugsanlegar aðstæður eða atvik og gæti stofnað rekstri, öryggi eða vernd skipa í hættu ef upplýsingar eða kerfi skemmast, glatast eða skerðast af þessum sökum. Leiðbeiningarnar innihalda nánari upplýsingar um bestu starfsvenjur fyrir árangursríka áhættustýringu til aukins netöryggis.

Bráðabirgðaleiðbeiningarnar verða uppfærðar þegar nefnd um einföldun formsatriða (e. Facilitation Committee) hefur lokið störfum hvað varðar áhættustýringu um netöryggisþætti siglingavirkjar.

Leiðbeiningar um þróun siglingaverndarlöggjafar á landsvísu samþykktar

Leiðbeiningarnar miða að því að aðstoða aðila að SOLAS-samþykktinni við að þróa landslöggjöf sem innleiðir ákvæði SOLAS-kafla XI-2 um sérstakar ráðstafanir til að efla siglingavernd og alþjóðakóða um siglinga- og hafnavernd (ISPS).

Flutningur iðnaðarstarfsmanna - drög að nýjum SOLAS-kafla og -kóða samþykkt

Siglingaöryggisnefnd samþykkti drög að nýjum SOLAS-kafla í tengslum við flutning iðnaðarstarfsmanna og drög að lögboðnum kóða. SOLAS-kaflinn og kóðinn miða að því að tryggja öruggan og skilvirkan flutning tæknimanna sem vinna við og þjónusta mannvirki undan ströndum á sviði orkuiðnaðar (t.d. vindorkustöðvar á hafi úti, e. wind farms - vindbú).

Samþykkt var að á fyrirhuguðum fundi siglingaöryggisnefndar í nóvember (MSC 97) yrði haldið áfram að ræða vegvísi um gerð krafna í kaflanum og kóðanum, auk framlagðra tilmæla um flutning á fleiri en 12 iðnaðarstarfsmönnum með skipum í millilandasiglingum sem kann að hljóta samþykki í formi tímabundinna leiðbeininga, að því tilskildu að þróun, samþykki og samþykkt fyrirhugaðra nýrra lögboðinna krafna hljóti samþykki.

Hinn nýi kafli og kóði yrði saminn af hálfu undirnefndar um skipahönnun og -smíði (SDC).

Viðurkenning á Galileo

Siglingaöryggisnefnd viðurkenndi Galileo, hið hnattræna gervihnattaleiðsögukerfi (e. Global Navigation Satellite System (GNSS)) sem hluta af alheimsstaðsetningakerfinu (e. World Wide Radionavigation System (WWRNS)).

Leiðastjórnunarkerfi skipa samþykkt

Fjöldmörg ný og breytt leiðastjórnunarkerfi skipa hlutu samþykki á fundinum.

- Nýjar aðskildar siglingaleiðir, „Undan suðvesturströnd Ástralíu“,
- Nýjar aðskildar siglingaleiðir „Í Korsíkusundi“.
- Breytingar voru gerðar á aðskildum siglingaleiðum, „Siglingaleiðin að Hook of Holland og North Hinder“ og tengdum ráðstöfunum sem koma í stað núverandi varúðarsvæða á „Siglingaleiðinni að Hook of Holland og North Hinder“.

- Breytingar á núverandi aðskilinni siglingaleið, „Við West Hinder“, breytingar á núverandi aðskilinni siglingaleið, „Í Bornholmsgat“.
- Ný tvístefnuleið og varúðarsvæði, „Approaches to the Schelde estuary“ sem koma í stað núverandi varúðarsvæðis, „Í nágrenni Thornton og Bligh Bank“.
- Nýjar leiðastjórnunarráðstafanir, „Við vindbúið Borssele (e. windfarm)“.
- Breytingar á núverandi svæði sem ber að forðast, „Undan Atlantshafsströnd Ghana“.

Dregið úr hávaða - leiðbeiningar um beitingu krafna samþykktar

Siglingaöryggisnefnd samþykkt drög að breytingum á SOLAS-reglu II/3-12 - Varnir gegn hávaða í því skyni að kveða upp úr um gildissvið fyrir skip afhent fyrir 2018. Drögin verða tekin fyrir á næsta fundi nefndarinnar MSC 97 til samþykktar. Nefndin samþykkti dreifibréf um leiðbeiningar um beitingu SOLAS-reglu II-1/3-12 til skipa afhentar fyrir 1. júlí 2018.

Kröfur um þjálfun áhafna skipa sem sigla á heimskautahafsvæðum samþykktar

Siglingaöryggisnefnd samþykkti tillögur um breytingar á alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) og tengdum STCW-kóða sem munu svo hljóta lokasamþykki á MSC 97 í nóvember.

Drögin að breytingum fela í sér nýjar, lögboðnar lágmarkskröfur um þjálfun, hæfni og réttindi skipstjóra og skipstjórnarmanna á skipum sem eru starfrækt á heimskautahafsvæðum. Þau fela einnig í sér þá kröfu til skipstjóra, yfirstýrimanna og yfirmanna sem bera ábyrgð á siglingavakt á skipum sem eru starfrækt á heimskautahafsvæðum að þeir séu handhafar skírteinis um grunnöryggisþjálfunar (e. basic safety training) fyrir skip sem eru starfrækt á heimskautahafsvæðum samkvæmt kröfu í Pólkóðanum.

Aðrar breytingar á samþykktinni varða útvíkkun neyðarþjálfunar starfsfólks á farþegaskipum.

Endurskoðun á STCW-F samþykktinni frá 1995 samþykkt

Siglingaöryggisnefnd samþykkti meginatriði og umfang endurskoðunar á alþjóðasamþykkt frá um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa (STCW-F), 1995, sem öðlaðist gildi alþjóðlega árið 2012.

Kóði um stöðugleika í óleku ástandi - tog, þar á meðal fylgdartog og lyftiaðgerðir samþykktur

Nefndin samþykkti í grundvallaratriðum breytingar á inngangi og B-hluta kóða um stöðugleika í óleku ástandi, 2008 um að bæta við viðmiðunum um stöðugleika í óleku ástandi hvað varðar skip sem annast tog, þar á meðal fylgdartog (e. escort towing), og lyftingar sem munu svo hljóta lokasamþykki á MSC 97 í nóvember.

Reglur um farþegaskip - breytingar samþykktar

Siglingaöryggisnefnd samþykkti drög að breytingum á SOLAS-reglu II-1/6 í því skyni að farþegaskip þoli betur áraun.

Yfirlit yfir þær breytingar sem gerðar voru á lögbundnum gerningum (e. mandatory instruments) á fundinum:

14.	<input type="checkbox"/>	3	MSC 96/3 - CONSIDERATION AND ADOPTION OF AMENDMENTS TO MANDATORY INSTRUMENTS Amendments to the 1974 SOLAS Convention and associated instruments	Secretariat	156 KB	17/11/2015	
15.	<input type="checkbox"/>	3	MSC 96/3/Add.1 - CONSIDERATION AND ADOPTION OF AMENDMENTS TO MANDATORY INSTRUMENTS Amendments to the International Maritime Dangerous Goods (IMDG) Code	Secretariat	119 KB	20/11/2015	
16.	<input type="checkbox"/>	3	MSC 96/3/Add.2 - CONSIDERATION AND ADOPTION OF AMENDMENTS TO MANDATORY INSTRUMENTS Draft Guidelines on Consolidated IMO provisions for the safe carriage of dangerous goods in packaged form by sea Consequential amendments to MSC circulars in relation to the draft amendment 38-16 to the IMDG Code (MSC/Circ.1025 and MSC.1/Circ.1442)	Secretariat	238 KB	20/11/2015	
17.	<input type="checkbox"/>	3	MSC 96/3/1 - CONSIDERATION AND ADOPTION OF AMENDMENTS TO MANDATORY INSTRUMENTS Amendments to the introduction and part B of the International Code on Intact Stability, 2008 (2008 IS Code)	Secretariat	667 KB	08/12/2015	
18.	<input type="checkbox"/>	3	MSC 96/3/2 - CONSIDERATION AND ADOPTION OF AMENDMENTS TO MANDATORY INSTRUMENTS Amendments to the International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Seafarers (STCW), 1978, as amended, and the Seafarers' Training, Certification and Watchkeeping (STCW) Code	Secretariat	344 KB	17/11/2015	
19.	<input type="checkbox"/>	3	MSC 96/3/3 - CONSIDERATION AND ADOPTION OF AMENDMENTS TO MANDATORY INSTRUMENTS Amendments to chapter 9 of the 2009 MODU Code	Secretariat	151 KB	11/11/2015	

Í gagnagrunni fundarskjala á vef IMO <https://docs.imo.org/> IMODOCS eru þau skjöl sem eru tillögur til breytinga á lögbundnum IMO-gerningum til samþykktar í viðkomandi fundi auðkenndar með bleikum bakgrunnslit (*pink paper*), sjá dæmi hér að framan. Á lista yfir dreifibréf (*Circular Letters*) í gagnagrunni fundarskjala á IMODOCS-síðunni eru þau skjöl sem innihalda framlagðar breytingar á IMO-gerningum sem hafa hlotið samþykki siglingaöryggisnefndar (MSC) og umhverfisnefndar sjávar (MEPC) einnig auðkennd með bleikum bakgrunnslit.

Sverrir Konráðsson
29. júlí 2016